

Vegagerðin
Bt. Reynir Óli Þorsteinsson

Bolungarvík, 29. desember 2025

NVG nr. 14-25

Efni: Áhrif bússvæðasundrunar á mýs í Teigskóg samkvæmt samningi Vegagerðar og Náttúrustofunnar fyrir árið 2025.

Vegagerðin gerði samning við Náttúrustofu Vestfjarða um rannsókn til að kanna hvaða áhrif vegagerð í gegn um Teigskóg hefur á músastofn skógarins, þ.e. „Áhrif bússvæðasundrunar á *hagamýs* í Teigskógi“. Þetta minnisblað fjallar um þá þætti er lúta að rannsóknum á músum sem framkvæmdar voru á árinu.

Sett var upp rannsóknarsvæði í Teigskóg þar sem 100 músargildrum var komið fyrir með 20m millibili á 200fm ferhyrndu svæði til athugunar á þéttleika *hagamúsa* ásamt öðrum breytum. Gildrurnar stóðu frá 28 apríl - 2. mars og aftur 10 - 14. september og vitjað um þær á hverjum sólahring. Svæðið var 200*200 m að stærð og voru gildrurnar staðsettar á mikið röskuðu svæði við hlið vegarins annarsvegar og óröskuðu svæði inn í skóginum hins vegar. Mismunandi vistgerðir eru innan óraskaða svæðisins, flestar í lyngskógavist, en síðan kjarrskógavist, blómskógavist, mosamelavist, starungsmýravist, língresis- og vingulvist, lyngmóavist og fjalldrapamóavist. Útlínu svæðisins má sjá hér að neðan:

Stöðvarheiti	LAT	LON
A1	N65 53 455	W22 23 905
A10	N65 53 463	W22 23 515
J1	N65 53 296	W22 23 885
J10	N65 53 304	W22 23 496

Mýs voru veiddar lifandi og þeim sleppt eftir mælingar. Mældur var þéttleiki, kynjahlutfall, þyngd (aldurs samsetning), fæða (saur sýni), arfgerð (DNA sýni) og svipgerð (myndir og fótlangdarmælingar). Allar mýs voru merktar með naglalakki daglega til að halda utan um endurheimtar mýs (re-capture), en þetta var gert með því að einungis mála eina tiltekna loppu daglega, t.d. á fyrsta degi er hægri framfótur alltaf merktur, svo er vinstri framfótur notaður næsta dag og svo framvegis. Þannig er hægt að vita hvort tiltekin mús hefur veiðst áður en hægt er að nota þær upplýsingar til að reikna þéttleika. Rafmerki voru ekki sett í mýsnar vegna þess að strikamerkjalesarinn virkaði ekki. Það var talið of tímafrek aðferð til að halda áfram með í huga að ekki væri hægt að lesa merkin.

Í vor, 28. Apríl – 2 maí veiddust einungis þrjár mýs í gildrum (tafla 1), þar sem ein mús var endurveidd í mismunandi gildrum sömu megin við vegarhelminginn. Önnur músin var rafmerkt þegar hún fannst, sem þýðir að hún veiddist einnig á síðasta ári. Oft eru færri mýs að vori en að hausti og á sumrin vegna takmarkaðar fæðu yfir vetratímam. Í september 2024 voru fáar mýs og líklegt að músastofninn hafi verið litill og veiddust ekki nógu margar mýs til að reikna nákvæmlega út stærð stofnsins.

Tafla 1. Fjöldi músa sem veiddar voru að vori 2025 og hversu margar þeirra voru endurheimtar.

<i>Dags</i>	<i>Nýveiði</i>	<i>Endurveiði</i>	<i>Samtals fjöldi veiddra músa</i>	<i>Óflokkaðar*</i>
28.4.25	0	0	0	0
29.4.25	1	0	0	0
30.4.25	1	1	2	0
1.5.25	0	0	0	0
2.5.25	0	1	1	0
Samtals	2	2	3	0

Daganna 10.-14. september 2025 veiddust mýs í gildrum 196 sinnum (tafla 2). Staðfestur fjöldi veiddra músa voru 72, mýs endurveiddust 124 sinnum og í tveimur tilfellum annaðhvort sluppu mýs áður en nokkrum upplýsingum var náð eða þær sluppu úr gildru yfir nótt. Stofnstærð 14.9.2025 metin með Lincoln index, án þess að taka tillit til kyns, voru 75 mýs.

Tafla 2. Fjöldi músa sem veiddar voru að hausti 2025 og hversu margar þeirra voru endurheimtar.

<i>Dags</i>	<i>Nýveiði</i>	<i>Endurveiði</i>	<i>Samtals fjöldi veiddra músa</i>	<i>Óflokkaðar*</i>
10.9.25	19	0	19	0
11.9.25	11	18	29	0
12.9.25	13	27	40	2
13.9.25	15	33	48	0
14.9.25	14	46	60	0
Samtals	72	124	196	2

Næsta ferð er fyrirhuguð vorið 2026 á sama stað.

Christopher Long,
Sérfræðingur
Náttúrustofu Vestfjarða

